



**309. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn á Microsoft Teams föstudaginn 2. júlí 2021 kl. 12:15.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Viðar Garðarsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí.**

**Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson, Úlfur H. Hróbjartsson og Valdimar Leó Friðriksson.**

Forseti bauð framkvæmdastjórn velkomna til fundar og setti fund.

### **1. Þátttakendur á Ólympíuleikunum í Tókýó**

Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí, kynnti tillögu að endanlegum hóp þátttakenda á Ólympíuleikunum í Tókýó.

Mánudagurinn 5. júlí er lokadagur fyrir skráningar þátttakenda á Ólympíuleikana í Tókýó og fram að því á sér stað endurúthlutun á kvótasetum alþjóðasársambanda. Það eru möguleikar á breytingum á fjölda keppenda fram til mánudagsins 5. júlí, og eru eftirfarandi tillögur bornar fram með fyrirvara um breytingar, bjóðist fleiri sæti í gegnum endurúthlutanir alþjóðasársambanda.

Miðað við staðfest gögn frá alþjóðasársamböndum og framkvæmdaraðilum í Tókýó þann 2. júlí 2021 þá mun Ísland geta átt fjóra keppendur á Ólympíuleikunum í Tókýó. Þau eru:

- Anton Sveinn Mckee, með keppnisrétt í 200m bringusundi,
- Ásgeir Sigurgeirsson, með keppnisrétt í loftskammbyssu,
- Guðni Valur Guðnason, með keppnisrétt í kringlukasti,
- Snæfríður Sól Jórunnardóttir, með keppnisrétt í 100m og 200m skriðsundi.

Ásamt þeim er lagt til að íslenska hópinn skipi eftirfarandi aðilar, en tillögurnar eru byggðar á óskum sérsambanda og þeim kvótum sem Ísland fær miðað við að eiga fjóra keppendur á leikunum. Þá er horft til þess að hluti keppenda verður í æfingabúðum í Tama City, Tókýó og að deila þarf skráningarkvóta á milli aðila í Ólympíuþorpinu til að hægt sé að koma til móts við þarfir hópsins. Þannig munu sjúkrapjálfarar skipta á milli sín viðveru í æfingabúðum og Ólympíuþorpi sem og aðrir aðilar í heilbrigðisteyminu:

- Andri Stefánsson, aðalfararstjóri
- Örvar Ólafsson, aðstoðarfararstjóri og umsjónarmaður æfingabúða í Tama City, Japan
- Örnólfur Valdimarsson, læknir
- Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur

- Pétur Einar Jónsson, sjúkráþjálfari
- Róbert Magnússon, sjúkráþjálfari
- Eyleifur Jóhannesson, flokksstjóri/þjálfari – sund
- Albert Subirats Altes, þjálfari – sund
- Pétur Guðmundsson, þjálfari – frjálsíþróttir

Ásgeir Sigurgeirsson mun njóta aðstoðar tveggja þjálfara sem eru á leikunum á vegum Finna og Eista og hafa unnið með Skotíþróttasambandi Íslands og Ásgeiri í langan tíma.

Anton Sveinn vann sér inn þátttökurétt með því að synda undir Ólympíulágmarki í sinni grein. Snæfríður Sól fær keppnisrétt í gegnum boðssæti, en hún hefur þú synt undir OST lágmarki (Ólympíuviðmið) ein íslenskra kvenna að þessu sinni og er því fyrsta val Sundsambands Íslands (SSÍ) gagnvart slíku sæti. Ásgeir hlaut keppnisrétt í gegnum kvótasæti, þegar því var endurúthlutað hjá Alþjóðaskotíþróttasambandinu, en Ásgeir hlaut sætið vegna stöðu sinnar á heimslista. Guðni Valur hlaut keppnisrétt í gegnum kvótasæti, en enginn íslenskur keppandi í frjálsíþróttum náði að vinna sér inn keppnisrétt með því að ná Ólympíulágmarki og gat Ísland því sent einn keppanda á boðssæti. Guðni Valur var næstur því að ná lágmarkinu, af íslenskum frjálsíþróttakeppendum, og hafði náð lágmarki ári áður, en það var utan lágmarkatímabils vegna COVID-19 faraldursins.

Fundarmenn samþykktu tillögu um skipan hópsins, en áður hafði framkvæmdastjórn ÍSÍ þó samþykkt á 275. fundi sínum þann 1. apríl 2019 að Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ yrði aðalfararstjóri hópsins.

Þá var kynnt að Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, og Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, verði viðstödd setningarhátíð leikanna og fyrstu keppnisdagana auk þess sem að Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ, muni heimsækja síðari hluta leikanna.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:35.

Andri Stefánsson, fundarritari.